



FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Reykjavík, 11. desember 1995.

Samgöngunefnd Alþingis,
b.t. Hafdísar H. Ólafsdóttur, nefndarritara,
Þórshamri, Templarasundi 5,
150 Reykjavík.

Alþingi 120/384
Erindi nr. Þ 120/384
komudagur 11/12 1995

Efni: Umsógn um frumvarp til laga um Siglingastofnun Íslands, 173. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dagsett 7. desember 1995, þar sem óskað er eftir umsógn um framangreint frumvarp til laga.

Á 37. sambandsþingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem haldið var dagana 15.-17. nóvember 1995, var meðal annars fjallað um þá hugmynd að sameina Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun í eina stofnun. Það skal tekið fram að sambandsþing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands er fulltrúaðing sambandsins og hefur æðsta vald í öllum mállefnum sambandsins. Á umræddu sambandsþingi var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

37. þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands haldið í Reykjavík 15. - 17. nóvember 1995, lýsir yfir furðu og andstöðu á þeim hugmyndum að sameina Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun. Þingið telur að þessar stofnanir eigi enga samleið og þessar tilfærslur þjóni ekki hagsmunum sjómanna, heldur sé hætt á að öryggismál sjómanna verði fyrir borð borin með þessum aðgerðum.

Greinargerð:

Að undanfögnu hafa verið uppi hugmyndir í stjórnkerfinu að sameina Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun. Þessar stofnanir eiga enga samleið og verkefni þeirra gjörólík og hér er ekki um fjárhagsástæður að ræða, því þessi tilflutningur á eftir að kosta skattborgara mikla peninga. Það er ekki nóg að hafa umgjörðina fallega, þegar innihaldið er tómlegt. Þingið hefur útrekað skorað á Alþingi og ríkisstjórn að flytja Vitastofnun Íslands yfir til Landhelgisgæslu. Með þeim flutningi yrði árangur tvöfaldur, aukið öryggi sjófarenda og betri nýting á fé skattborgara.

Eins og greinilega kemur fram í samþykktinni, hafnar þing Farmanna- og fiskimannasambands Íslands með ótvíræðum hætti öllum hugmyndum um sameiningu Siglingamálastofnunar ríkisins og Vita- og hafnamálastofnunar. Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Farmanna- og fiskimannasambands
Íslands

Benedikt Valsson,
framkv.stj. FFSÍ